

Ed.

529. Nefndarálit

[154. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá minni hl. stjórnarskrárnefndar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er einskis virði. Það snýst um mjög lítilfjörlega breytingu á misvægi atkvæða sem kostuð er með fjölgun þingmanna. Enn á að koma í veg fyrir að allir landsmenn hafi jafnan rétt gagnvart lögum og leikreglum. Skerðing atkvæðisréttar er ólýðræðisleg og ranglát aðferð til að ná pólitískum markmiðum. Ef við viljum að ríkið aðstoði einhvern tiltekinn hóp einstaklinga umfram annan, þá gerum við það ekki með því að margfalda atkvæðavægi þess hóps heldur með því einu, og því einu, að afla þessari skoðun okkar meirihlutafylgis. Þetta er algert grundvallaratriði. Því legg ég til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 2. apríl 1984.

Stefán Benediktsson.